

SNORRAMÁL

Mjög efnilegur sáenskur vísindamaður, Per Wieselgren, hefir ritað um það heila bók, hver muni vera höfundur Egilssögu (Författarskapet til Eigla, 1927, ef ég man rétt); verður niðurstaðan sú, að ekki geti Snorri Sturluson verið höfundur þeirrar sögu. Því miður hefir Wieselgren verið ókunnugt um einkenni þau á rithætti Snorra, sem ég hefi vakið athygli á í Nýal (ritgerðin Íslenska Snorra Sturlusonar). Koma sömu aðaleinkenni svo greinilega í ljós bæði í Heimskringlu og Egilssögu, að ekki virðist unnt að skýra öðruvísi en þannig, að hinn sami sé höfundur beggja bókanna. Í þessu sambandi er fróðlegt að bera saman málið á þeim bókum, sem almennt eru taldar vera eftir Snorra, Heimskringlu og Eddu. Býst ég við að rita nánar um allt þetta efni síðar, en ætla hér aðeins lítillega að vekja athygli á líkingunni. Í Gylfaginningu s. 76 (Sn. E. útg., F.J., Rvík 1907) segir þannig: hann (Útgarða Loki) leit seint til þeirra ok glotti við tönn ok mælti: „seint er um langan veg at spryja tíðenda.“ En í Heimskringlu s. 290 (útg. F.J. 1912) segir Ásbjörn við Erling frænda sinn: „seint er satt að spryja.... Erlingur sá til hans ok glotti við tönn ok mælti...“:

Svipuð þessu er líkingin oft á Heimskringlu og Egilssögu, en stundum ennþá meiri. Erfiðleikarnir á því að komast hjá því að eigna Snorra Eglu, koma glöggt í ljós, ef menn bera t.d. Njálu eða Laxdælu saman við Heimskringlu, og sjá hver geysimunur er þar á máli, en líkingin lítil, móts við þá sem er á Heimskringlu og Eglu.

Des. '29